



Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Umsagnaraðili: Fjölbautaskólinn í Breiðholti

Dags: 7. janúar 2022

Í greinargerð um mennta- og barnamálaráðuneyti er lítið fjallað um skipan menntunar á skólastigunum þremur, leik- grunn- og framhaldsskóla. Hið síðastnefnda skólastig heyrir beint undir ráðuneytið og er afar umfangsmikið. Íslenski framhaldsskólinn sinnir jöfnum höndum ungu fólki og fullorðnum, en stærstur hluti verknámsnemenda er fullorðið fólk. Sem dæmi, þá útskrifuðust 137 einstaklingar frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti í desember síðastliðnum. 34 þeirra, eða um 25% voru á framhaldsskólaaldri (21 árs og yngri), hinir voru eldri. Meðalaldur útskrifaðra að þessu sinni voru rúm 30 ár.

Tenging verknáms við atvinnulíf er nauðsynleg, ef verkmenntun á að verða það tæki til eflingar atvinnulífs sem að er stefnt í opinberri umræðu. Með nokkrum rétti mætti halda því fram að ef eitthvert nám eigi heima undir iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, þá sé það sérhæfð verkmenntun á framhalds- og háskólastigi. Mikil vöntun er á vandaðri umfjöllun um verkmenntun á Íslandi með aðkomu allra hagaðila. Hvatt er til þess að sú vinna verði sett af stað í tengslum við þessa uppstokkun á ráðuneytunum.

Loks vil ég tjá þá skoðun að fyrirbyggjandi frumvarp og greinargerð með því sýnist endurspegla þá sýn að æðri menntun og menning séu fyrst og fremst hagvaxtartæki. Með því að tengja menningu við viðskipti og háskólamenntun við iðnað og nýsköpun er hætt við smættun á veigamiklu hlutverki þessara grunnstoða vísku, sköpunar og lífsgleði í landinu.

Reykjavík, 7. janúar 2022,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari